

7. kafli – Hús og híbýli

Fasteignaauglýsing

Húsið er á góðum, rólegum stað í borginni. Þetta er einbýlishús og það er á einni hæð. Í húsinu eru þrjú stór svefnherbergi, baðherbergi, stofa, borðstofa, vinnuherbergi og sjónvarpsherbergi. Við húsið er bílskúr og stór og fallegur garður.

Húsið er 30 ára gamalt. Það er allt mjög vandað. Arinn er í stofunni. Eldhúsið er stórglæsilegt, öll tæki eru ný (eldavél, uppvottavél, ofn) og nýjar flísar á gólfinu. Í stofunni er gólfteppi en parket á gólfinu í öðrum herbergjum. Í baðherberginu er bæði sturta og baðker.

Verkefni 7.1

1. Hvað gerir fólk venjulega í herbergjunum? Tengdu á milli orðanna í A og B.

A. herbergi (nafnorð)

baðherbergi
barnaherbergi
borðstofa
eldhús
forstofa
stofa
svefnherbergi
vinnuherbergi
þvottahús

B. sagnorð og sagnasambönd

baðar sig
bakar kökur
borðar matinn
drekur kaffi
dreymir
eldar matinn
fer úr skónum
háttar sig
hlustar á útvarpið
horfir á sjónvarpið
hvílir sig
klæðir sig
kemur inn
les
lærir heima
pissar
sefur
spjallar saman
svæfir barnið
vaknar
þvær sér
þvær upp
þvær þvott

2. Hvaða heimilistæki eru í herbergjunum? Tengdu á milli orðanna í A og B.

A. herbergi

baðherbergi

eldhús

stofa

þvottahús

B. heimilistæki

baðker

eldavél

ísskápur

klósett

ofn

sjónvarp

vaskur

þvottavél

3. Hvaða húsgögn eru venjulega í herbergjunum? Tengdu á milli orðanna í A og B.

A. herbergi

baðherbergi

barnaherbergi

borðstofa

stofa

svefnherbergi

vinnuherbergi

B. húsgögn

borðstofuborð

bókahilla

hægindastóll

fataskápur

kommóða

náttborð

rúm

skrifborð

sófaborð

sófi

vagga

4. Notið orðaforðann hér á undan og myndið nokkrar setningar eins og sýnt er í dæminu.

Nokkur lýsingarorð: *stór, fallegur, þægilegur, heitur, ljótur, tómur ...*

Sófinn í stofunni er mjúkur ... _____

5. Finnið nokkrar samsetningar af orðunum *skápur, hús, borð og lampi*. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* hjálpar ykkur. Hún er á vefnum snara.is. Efnið í bókinni er einnig á vefnum *Íslenskt orðanet* (ordanet.arnastofnun.is).

6. Setjið saman eftirfarandi orð:

kaffi + kanna > kaffikanna

vín + flaska > _____

te + ketill > _____

blóm + pottur > _____

bók + hilla > _____

tönn + bursti > _____

gluggi + kista > _____

eldhús + klukka > _____

7. Takið eftirfarandi orð í sundur og gefið orðabókarmynd þeirra:

ruslapoki > rusl + poki

veggklukka > _____

pottablóm > _____

öskubakki > _____

baðker > _____

baðherbergi > _____

tannkrem > _____

stofugardína > _____

Forsetningarnar *í* og *á*

Forsetningarnar *í* og *á* stýra þágufalli þegar þær segja til um hvar eitthvað er.


Í hvaða herbergi ...? í stofunni (kvk. þgf. með greini); stofan → stofunni

Á hvaða hæð ...? á annarri hæð (kvk. þgf.); önnur hæð → annarri hæð

Á hvaða götu ...? á Laugavegi (kk. þgf.); Laugavegur → Laugavegi

Hvar vinnur þú ...? í banka (kk. þgf.); banki → banka

Herbergin í húsinu



baðherbergi-ð

forstofa

kjallari

stofa

eldhús

gangur

svalir-nar

geymsla

háaloft

stigi

svfnherbergi-ð

þvottahús

Meginregla um kyn
nafnorða:

-i, -ur > kk.

-a > kvk.

(samhljóð)- > hk.

Kyn nafnorða er gefið
ef reglan gildir ekki, t.d.
herbergi-ð

Verkefni 7.2

1. Hvar eru herbergin í húsinu?

a) Hvaða herbergi eru í kjallaranum? _____

b) Hvaða herbergi eru á fyrstu hæð? _____

c) Hvaða herbergi er á annarri hæð? _____

d) Hvaða herbergi eru á þriðju hæð? _____

e) Á hvaða hæð eru svalirnar? _____

f) Á hvaða hæð er stofan? _____

2. Hvað gerir fólk í húsinu?

a) Sefur fólk í eldhúsinu? *Nei, það sefur í svfnherberginu.*

b) Borðar fólkið í þvottahúsinu? _____

c) Horfir fólkið á sjónvarpið í stofunni? _____

d) Þvær fólkið sér í forstofunni? _____

e) Pissar fólkið í svfnherberginu? _____

f) Eldar fólkið matinn í geymslunni? _____

g) Drekkur fólkið kaffi í baðherberginu? _____

h) Eldar fólkið matinn í eldhúsinu? _____

Samtal

Dóra: Verður þú heima í kvöld?

Jón: Nei.

Dóra: En annað kvöld?

Jón: Já, ætli það ekki. Nei annars, ég þarf að hjálpa systur minni að flytja.

Dóra: Er systir þín að flytja að heiman?

Jón: Já, hún ætlar að leigja sér íbúð í vetur.

Fleiri forsetningar

Staðarforsetningarnar *fyrir aftan, fyrir framan, á bak við, vinstra megin við og hægra megin við* stýra alltaf þolfalli.

Vinstra megin við gluggann (kk. þf. með greini); glugginn → gluggann
Fyrir framan skápinn (kk. þf. með greini); skápurinn → skápin

Staðarforsetningarnar *við hliðina á, nálægt, langt frá og beint á móti* stýra alltaf þágufalli.

Við hliðina á glugganum (kk. þgf. með greini); glugginn → glugganum
Beint á móti skápnum (kk. þgf. með greini); skápurinn → skápnum


Staðarforsetningarnar *undir, ofan á og ofan í* stýra alltaf þágufalli þegar þær segja til um hvar eitthvað er (ef um er að ræða hreyfingu stýra þær hins vegar þolfalli).

Undir stólnum (kk. þgf. með greini); stóllinn → stólnum
Ofan á skápnum (kk. þgf. með greini); skápurinn → skápnum

Staðarforsetningin *á milli* stýrir alltaf eignarfalli.

á milli gluggans (kk. ef. með greini) og skápsins (kk. ef. með greini);
glugginn → gluggans, skápurinn → skápsins

Eldhúsið



bolli	kaffikanna
box	minnistafla
diskur	ofn-inn
eldavél-in	panna
eldhúsborð	pottablóm
eldhúsgardína	pottur
eldhúsklukka	ruslapoki
eldhússkápur	skúffa
gaffall-inn	smákaka
glas	teketill-inn
hella	uppvottavél-in
hilla	vaskur
hnífur	viskustykki-ð
ísskápur	vínflaska

Verkefni 7.3

1. Hvar eru hlutirnir?

a) Eru bollarnir ofan í vaskinum? _____

b) Er pannan á eldavélinni? _____

c) Eru smákökurnar í ofninum? _____

d) Eru víNFLöskurnar á borðinu? _____

e) Er blómapotturinn í glugganum? _____

f) Er kaffikannan á gólfínu? _____

g) Er ruslapokinn í skápnunum? _____

h) Hvar er glasið? _____


i) Hvar er viskustykkið? _____

j) Hvar er minnistaflan? _____

k) Hvar er brauðið? _____

l) Hvar er eldhúsklukkan? _____

Stofan




blóm	hátalari	málverk	sófaborð
borðlampi	hornborð	motta	sófasett
bókahilla	hurð-in	plötuspilari	sófi (tveggja/þriggja sæta)
bók-in	húsgagn	púði	stóll-inn
dyr-nar	hægindastóll-inn	sjónvarp	veggklukka
gluggakista	kertastjaki	skápur	öskubakki

Verkefni 7.4

Jónas er að flytja í nýja íbúð. Hjálpaðu honum að raða húsgögnunum í stofuna. Hvar myndir þú setja húsgögnin? Notaðu myndirnar og orðalistana hér að ofan. Hugsaðu vandlega um fall nafnorðanna! (Athugaðu að *undir*, (*ofan*) *á* og (*ofan*) *í* stýra þolfalli ef um er að ræða hreyfingu.)

Ég myndi setja hornborðið í hornið neðst til hægri í stofunni. _____

Baðherbergið



baðker
bursti
flís-in
glas
handklæði-ð
klósett / salerni-ð
klósettpappír-inn
kollur
krani
motta
sápa
seta

skápur
snagi/hanki
spiegill-inn
sturta
tannbursti
tannkrem
tappi
vaskur
veggljós
vog-in/vigt-in
önd-in

Verkefni 7.5

1. Hvar eru hlutirnir á baðherberginu? Hugsaðu vandlega um fall nafnorðanna!

Vigtin er beint á móti klósettinu. _____

2. Karl býr í fjögurra herbergja íbúð í blokk á Kaplaskjólsvégi 93 í Vesturbænum í Reykjavík. Hann á heima á þriðju hæð. Í íbúðinni eru fjögur herbergi. Það er stofa, borðstofa, barnaherbergi og hjónaherbergi. Auk þess er eldhús, baðherbergi, forstofa og lítil geymsla. Gefðu samsvarandi lýsingu á heimili þínu.
